

Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

3. maí 2023

Mættar: Agnieszka Korpak, Aldís Ósk Sævarsdóttir, Ásdís Björg Björgvinsdóttir, Sigurbjörg Anna Þorleifsdóttir og Sunna Rós Svansdóttir.

Fundur fór fram á heimili Sunnu Rósar og í gegnum fjarfundabúnað.

Fundur settur klukkan 18:15

Töframaðurinn er ennþá laus fyrir vorhátíð leikskólans. Kostar um 50-60 þúsund.

Við eigum um 400.000 í sjóðnum. Þurfum að reikna með að eiga 100.000 eftir fyrir næsta haust fyrir t.d. jólaballinu. Ræðum um gjaldkostnað fyrir börn sem byrjuðu í jan/feb 2023 á leikskólanum. Okkur þykir réttlátt að þau borgi ekki heilt gjald, heldur hálf. Ætlum að athuga hvort það sé möguleiki.

Vorhátíðin á leikskólanum er næstum klár. Þurfum að skoða hvort að einhver starfsmaður sé til í að mála andlitin á börnunum. Væri gott að hafa ákveðnar myndir í boði sem börnin geta valið úr. Í fyrra grillaði foreldri á leikskólahátíðinni en hjá grunnskólanum grillaði starfsmaður. Jafnvel verður beðið foreldra um að bjóða fram þátttöku á vorhátíð leikskólans, t.d. með því að grilla. Krítar og sápukúlur er hægt að kaupa í Bónus eða Krónunni. Tvö til þrjú box af krítum er nóg.

Framkvæmdir eru að hefjast í Heiðarskóla og því er óvissa hvar vorhátíð grunnskólans verður. Væri möguleiki að athuga með Miðgarð eða Þórisstaði. Við erum búin að fá staðfest að það verður starfsmaður á staðnum. Hugmynd að hafa í auglýsingunni að börnin eru á hátíðinni á ábyrgð foreldra. Þyrftum að setja reglur á hoppukastalana, s.s. varðandi tíma, fjölda o.s.frv. Við veltum því fyrir okkur að sleppa andlitsmálningunni á vorhátíð grunnskólans og hvort við ættum rétt á meiri peningum frá sveitarfélaginu ef við þurfum að aðlaga vorhátíðina annarsstaðar en í Heiðarskóla. Þurfum að skoða hver af okkur getur mætt á hátíðina hjá grunnskólanum. Við verðum margar til staðar á hátíðinni hjá leikskólanum.

Sumargaman: Vistun sem er boðið upp á tvær vikur eftir að grunnskóla lýkur og tvær vikur áður en grunnskóli byrjar. Er í boði fyrir 1. – 4. bekk ásamt skólahóp á leikskóla. Rætt um hvort að það eigi að vera val fyrir foreldra hvort að þau vilji senda börn sem eru að byrja í fyrsta bekk í sumargaman eða á leikskólann eftir sumarfrí leikskólans og að skólabyrjun. Við viljum fá aðeins meiri reynslu af sumargaman. Í ár er annað sumarið sem sumargaman verður.

Aldís og Sigurbjörg ætla að vera áfram í félaginu næsta skólaár. Sunna, Agnieszka og Ásdís ætla ekki að vera með næsta haust. Það vantar fulltrúa frá Heiðarskóla. Þyrftum að fá starfsmann þaðan inn í foreldrafélagið fyrir næsta skólaár.

Athugum með Fanney til að redda auglýsingu fyrir vorhátíð.

Fundi slitið 19:27

Fundagerð ritaði Aldís Ósk Sævarsdóttir.